

er honum ber að greiða, samkvæmt reglugerð þessari. Sama gildir um sektir og skaðabætur, ef um þær er að ræða.

54. gr.

Innan hafnar má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 4 mílum á klst. nema sérstaklega standi á.

55. gr.

Meðfram strandlengju hafnarsvæðisins má ekki gera nein mannvirki, nema fyrir liggi umsögn hafnarnefndar þar að lútandi.

56. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

57. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra máli.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi fallin hafnarreglugerð fyrir Drangsneshöfn, nr. 65, 10. maí 1949, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 21. júní 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Kristinn Gunnarsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Akraness.

I. KAFLI**RAFORKUSALA**

Rafveita Akraness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

I. Almenn notkun.**A. 1. Til lýsingar:**

Um kWst.-mæli á kr. 4.91 hverja kWst. auk fastagjalds er reiknast þannig:

Kr. 8.04 á mánuði af hverjum m² gólfplatar, er lýsa skal. Þó skal aðeins reikna helming gólfplatar til gjalda í göngum og geymslum o. þ. h. Einnig í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn. Ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.

B. 1. Til heimilisnotkunar:

Um kWst.-mæli á kr. 4.17 hverja kWst. auk fastagjalds, er reiknast þannig:

Kr. 35.18 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal reikna sem hálf, en ef herbergi er stærra en 25 m² skal reikna hverja byrjaða 25 m² sem herbergi.

C. 1. Til véla:

Um kWst.-mæli á kr. 4.91 hverja kWst. auk fastagjalds, er reiknast þannig:

Kr. 104.00 á mánuði fyrir hvert kW í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar- og þvotta-tækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum barna og í gisti- og veitinga-húsum.

Um kWst.-mæli án fastagjalds, þannig:

A. 2. Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar:

Kr. 19.94 fyrir hverja kWst.

B. 2. Til véla og vinnulagna í byggingum í smíðum og til véla við Akraneshöfn:

Kr. 10.39 fyrir hverja kWst.

C. 2. Til véla í matvælaíðnaði:

Kr. 3.68 fyrir hverja kWst., enda sé uppsett rafafli fastra véla yfir 40 kW og árlegur nýtingartími vélanna eigi skemmri en 1200 kWst. á hvert uppsett kW þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag um hádegisd á tíma mesta álags. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til rafsuðu málma.

E. 2. Til götu- og hafnarlýsingar:

Samkvæmt árlegri ákvörðun bæjarstjórnar Akraness, og kosti rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Um mesta-álagsmæli þannig:

A. 3. Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kW afl, sem mesta-ársálag.

Kr. 4 786.00 fyrir hvert kW mesta-álags á árinu og kr. 1.42 fyrir hverja kWst.

II. KAFLI HITANOTKUN

Um kWst.-mæli á:

- D. 1. Kr. 3.48 kWst. án rofs.
- D. 2. Kr. 2.10 kWst. með allt að 1½ klst. rofi á sólarhring.
- D. 3. Kr. 1.95 kWst. með allt að 2½ klst. rofi á sólarhring.
- D. 4. Kr. 1.56 kWst. með allt að 4½ klst. rofi á sólarhring.
- D. 5. Kr. 1.11 kWst. með allt að 14½ klst. rofi á sólarhring.
- D. 6. Kr. 1.28 kWst. ef notkun fer fram eingöngu á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Rof tími er allt að 3 klst. á sólarhring. Einnig má selja eftir þessum taxa orku, sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

Eftir taxa D. 3. má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.

Gjaldið breytist með útsöluverði á diselolíu í Reykjavík, á hverjum tíma og miðast hér við grunnverð kr. 11.02 á olíulíttra. kWst.-gjaldið standi jafnan á heilum eyri.

Sala til hitanotkunar er háð nánari ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

- a. Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra.
- b. Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álag, að dómi rafveitustjóra.
- c. Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu, að dómi rafveitustjóra og rafveitunefndar.

Notendur rafhita skulu fá skrifleg leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Þar skal greint frá hve mikið afl er heimilt að setja upp og hvaða gjaldalið skuli greitt eftir. Ef tvö ár eru liðin frá útgáfu slíks leyfis, en notkun ekki hafin, skal leyfið endurnýjað. Sé það ekki gert, fellur leyfið úr gildi.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

- d. Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði, og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum samkvæmt 2. kafla.
- e. Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafhitunina sé samkvæmt fyrir-mælum rafveitunnar og settum reglum. M. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, hitastillar notaðir.
- f. Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undan-þegin þessu ákvæði er þó notkun samkvæmt taxta D. 1. Ef notkun er minni en 6000 kWst. á ári, er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. notkun eða færa notkunina yfir á taxta D. 1.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja raforku eftir sérstökum samningi, í hvert skipti.

III. KAFLI

MÆLA- OG ROFALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi:

| | |
|---|------------------|
| 1. Af einfasa kWst.-mæli allt að 30 amp. | kr. 15.15 á mán. |
| 2. Af þrifasa kWst.-mæli 50 amp. og minni | — 30.30 — — |
| 3. Af þrifasa kWst.-mæli yfir 50 amp. til 200 amp. | — 73.60 — — |
| 4. Af þrifasa kWst.-mæli yfir 200 amp. | — 109.70 — — |

Af klukkurofum skal notandinn greiða leigu sem hér segir:

| | |
|--|--------------|
| 1. Af ein- eða tvíþóla klukkurofa 40 amp. og minni | — 94.10 — — |
| 2. Af þríþóla klukkurofa 60 amp. og minni | — 120.10 — — |
| 3. Af þríþóla klukkurofa yfir 60 amp. til 200 amp. | — 151.00 — — |
| 4. Af þríþóla klukkurofa yfir 200 amp. | — 192.00 — — |
| 5. Af fjarstýrandi klukkurofa | — 31.20 — — |

Af öðrum mælitækjum og rofum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði tækisins. Leiguna skal innheimta um leið og gjald fyrir raforkuna.

IV. KAFLI TENGIGJÖLD

(Heimtaugargjöld).

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. — Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða tengigjald, sem hér segir:

| Gjaldskrárliður Nr. | Málstraumur stofnvara | | Flutningsgeta miðuð við stærð stofnvara kVA | Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða loftl. allt að 30 m Kr. |
|------------------------|-----------------------|---------------------|--|--|
| | 220 V kerfi Amp. | 380 V kerfi Amp. | | |
| 1.1 | 2 × 60 | 1 × 60 | 13 | 9 313.00 |
| 1.2 | 3 × 60 | 2 × 60 | 22 | 13 093.00 |
| 1.3 | 3 × 100 | 3 × 60 | 38 | 18 776.00 |
| 1.4 | | 3 × 100 | 66 | 30 920.00 |
| 1.5 | 3 × 200 | | 76 | 35 176.00 |
| 1.6 | 3 × 350 | 3 × 200 | 132 | 57 700.00 |
| 1.7 | | 3 × 350 | 231 | 98 580.00 |

Fyrir vinnuheimtaugar fyrir hús í byggingu á skipulögðum svæðum skal greiða kr. 3 405.00. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stystu greiðfæra leið að varkassa. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern meter umfram fyrstu 15 metrana þannig: $Y_j = (814 + 10 \times \text{kVA})$ kr. m. Yfirlengd loftlínu reiknast á hvern meter umfram fyrstu 30 metrana þannig:

$Y_l = (134 + 7 \times \text{kVA})$ kr. m, að viðbættum kr. 6 845.00 á hvern stólpa í umframlínu.

Tengigjöld miðuð við stærð spenna:

| Gjaldskrárliður Nr. | Stærð spennis kVA | Tengigjald Kr. |
|------------------------|----------------------|-------------------|
| 2.1 | 150 | 65 470.00 |
| 2.2 | 300 | 130 940.00 |
| 2.3 | 500 | 208.170.00 |
| 2.4 | 750 | 309 200.00 |

Tengigjald skal reikna eftir þessum gjaldskrárlið, þegar spennistöð er byggð, að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnaði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnaðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Kostnaður notandans við gerð húsnaðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

Þessi gjaldskrá tengigjalda, sem tekur gildi 15. júní 1974, gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald eftir kostnaði skv. reikningi rafveitunnar. Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

V. KAFLI OPNUNARGJÖLD

- Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, kr. 375.00.

2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör, við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 375 króna gjald í skrifstofu rafveitunnar.

Í framangreindu verði er innifalinn 17% söluskattur, nema í kafla 2., sölu til hitanotkunar, en á þá sölu er ekki lagður söluskattur.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1., 3. og 4. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1974, sbr. heimild nr. 85 14. maí 1974 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akraness nr. 34 28. janúar 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 21. júní 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um vélstjóranám.

I. KAFLI

Markmið vélstjóranáms.

1. gr.

Vélstjóranám skal vera í fjórum stigum, er verði grundvöllur mismunandi atvinnuréttinda. Það skal fara fram á vegum Vélskóla Íslands í Reykjavík og á öðrum stöðum á landinu, ef þörf krefur og aðstæður leyfa.

2. gr.

Hlutverk og meginmarkmið vélstjóranáms er að veita nemendum bóklega og verklega menntun, sem geri þá hæfa til að hljóta prófskírteini fyrsta, annars, þriðja og fjórða stigs og taka að sér störf í þágu atvinnuveganna í samræmi við atvinnuréttindi, sem ákvörðuð eru í lögum.

3. gr.

Þegar kennsla til 1. og 2. stigs vélstjóranáms fer fram utan Vélskóla Íslands í Reykjavík, skal stefnt að því, að námsefni, kennsla og lokapróf séu samræmd í deildum Vélskóla Íslands um allt land.

4. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að skipa 5 manna nefnd til þess að sjá um sérmálefni vélskóladeildar, sem stofnuð er utan Reykjavíkur. Í nefndina skulu eftirtaldir aðilar tilnefna einn fulltrúa hver: sveitarstjórn, Vélstjórafélag Íslands, kennarar deildarinnar og nemendur deildarinnar. Ráðuneytið skipar fimmta manninn í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður hennar.

5. gr.

Vélstjóranám er jafnt fyrir piltá og stúlkur.